

Umsóknir í Barnamenningsjóð Íslands eru gæðametnar samkvæmt eftirfarandi matskvarða. Veitt eru stig á skalanum 0 - 10.

Núll stig þýða að verkefni telst ekki styrkhæft.

Matspáttur	Vægi	10. stig	5. stig	1. stig
<p><b>Lýsing á gildi og mikilvægi verkefnis</b></p> <p>Litið er til eftirfarandi atriða við mat á þessum lið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðlar að fjölbreytileika, felur í sér nýsköpun eða samþættingu ólíkra listgreina á spennandi hátt.</li> <li>• Listrænt gildi.</li> <li>• Stuðlar að auknu aðgengi jaðarsettra hópa.</li> <li>• Tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.</li> <li>• Styrkir lýðræðislega virkni barna.</li> <li>• Um áhugavert samstarf ólíkra fagaðila er að ræða.</li> </ul>	50%	Verkefnið fellur mjög vel að markmiðum Barnamenningsjóðs, stuðlar að fjölbreytileika, nýsköpun, aðgengi og/eða hefur mikið listrænt gildi.	Verkefnið fellur nokkuð vel að markmiðum Barnamenningsjóðs, stuðlar að nokkru leyti að fjölbreytileika, nýsköpun, aðgengi og/eða hefur listrænt gildi.	Verkefnið fellur ekki nægilega vel að markmiðum sjóðsins, skortir áherslu á fjölbreytileika, nýsköpun, aðgengi og/eða listrænt gildi.
<p><b>Framkvæmd verkefnis</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefnið er líklegt til að raungerast samkvæmt áætlunum.</li> <li>• Fjárhagsáætlun er skýr og raunhæf.</li> <li>• Verk- og tímaáætlanir eru raunhæfar og vel skilgreindar.</li> </ul>	25%	Verkefnið er mjög líklegt til þess að raungerast skv. áætlunum, fjárhagsáætlun mjög skýr og allar verk- og tímaáætlanir vel skilgreindar.	Ekki er öruggt að verkefnið geti raungerst skv. fyrirbyggjandi áætlunum. Nokkrir gallar eru á fjárhagsáætlunum og/eða verk- og tímaáætlunum.	Frekar eða mjög ólíklegt er að verkefnið nái að raungerast skv. áætlunum. Fjárhagsáætlun og/eða verk- og tímaáætlunum er ábótavant.
<p><b>Aðstandendur umsóknar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hafa sterkan faglegan og/eða listrænan bakgrunn.</li> <li>• hafa reynslu af fyrri verkefnum sem hafa verið farsæl.</li> <li>• eru að hasla sér völl með áhugaverða umsókn.</li> </ul>	25%	Aðstandendur hafa mjög sterkan faglegan og/eða listrænan grunn til þess að takast á við verkefnið og afar líklegt má teljast að þau skili góðu verki.	Aðstandendur hafa nokkurn faglegan og/eða listrænan grunn til þess að takast á við verkefnið og töluverðar líkur má telja á að þau nái að skila því vel af sér.	Aðstandendur skortir faglegan og/eða listrænan grunn til þess að tryggja sé að þau nái að takast á við verkefnið.